


**Stofnmæling botnfiska á  
Íslandsmiðum 1996**

**Icelandic Groundfish  
Survey 1996**

**Rannsóknaskýrsla  
Survey report**

**Gunnar Jónsson, Björn Æ. Steinarsson,  
Einar Jónsson, Gunnar Stefánsson,  
Höskuldur Björnsson, Ólafur K. Pálsson  
og Sigfús A. Schopka**





Hafrannsóknastofnunin

**STOFNMÆLING BOTNFISKA Á ÍSLANDSMIÐUM 1996**  
*Icelandic Groundfish Survey 1996*

- Rannsóknaskýrsla -  
*Survey report*

Gunnar Jónsson, Björn Æ. Steinarsson, Einar Jónsson,

Gunnar Stefánsson, Höskuldur Björnsson, Ólafur K. Pálsson, Sigfús A. Schopka

Janúar 1997



## Efnisyfirlit

	bls.
1. Inngangur.....	3
2. Gagnasöfnun.....	3
3. Niðurstöður.....	3
3. 1. Umhverfisþættir .....	3
3. 2. Aldursdreifingar .....	4
3. 3. Meðalþyngd eftir aldri.....	5
3. 4. Kynþroski eftir aldri .....	5
3. 5. Lengdardreifingar .....	6
3. 6. Stofnvísitölur.....	7
4. Helstu niðurstöður.....	10
Heimildarit.....	12
Töflur .....	13
Myndir .....	24



## 1. Inngangur

Rannsóknaleiðangurinn "Stofnmæling botnfiska á Íslandsmiðum 1996" fór fram 6.-24. mars. Sú breyting varð á framkvæmd mælinganna að þessu sinni að nú var notast við fjögur skip í stað fimm áður. Þetta var gert þannig að togstöðvum var lítillega fækkað en skipin fjögur bættu að sama skapi nokkuð við sig í stöðvafjölda og svæðisyfirferð miðað við það sem áður var. Til verksins voru leigðir eftirfarandi togarar: Ljósafell SU 70, Brettingur NS 50, Múlberg ÓF 32, Rauðinúpur ÞH 160. Teknar voru 540 togstöðvar (577 árið 1995) á landgrunninu allt umhverfis landið niður á 500 m dýpi. Nú var öllum stöðvum í Rósagarðinum sleppt svo og nokkuð af stöðvum á öðrum svæðum þar sem misjafnlega hefur gengið að toga.

Um nánari tilhögun þessara rannsókna er vísað í "Handbók um Stofnmælingu botnfiska á Íslandsmiðum 1996", sbr. skrá um heimildarit.

## 2. Gagnasöfnun

Skráðar tegundir fiska og hryggleysingja reyndust 75 talsins eða um 840 þúsund dýr. Mældar var lengd 72 fisktegunda, alls tæplega 235 þúsund fiskar, þar af um 42 þúsund þorskar, 42 þúsund ýsur, 42 þúsund gullkarfar, 41 þúsund skrápflúrur og um 21 þúsund steinbítar. Kvörnum til aldursgreininga var safnað úr 10 tegundum, þar af mest úr þorski, ýsu og steinbíti, alls um 10600 kvarnasýni (sjá 1. töflu).

Þrjár fisktegundir, þorskur, ýsa ufsi, voru vigtaðar við kvörnun. Fiskar þessara tegunda voru vigtaðir óslægðir og slægðir auk þess sem lifur var vegin. Alls voru 7982 fiskar vigtaðir.

Fæða þorsks var rannsökuð og fór úrvinnsla fæðusýna fram jafnharðan í leiðangrinum. Helstu tegundir bráðar voru greindar, fjöldi dýra ákvarðaður og magn vegið og fiskbráð og rækja lengdarmæld. Fæðusýnum var safnað úr öllum kvörnuðum þorskum þ.e. úr um 4700 fiskum. Þetta verkefni er liður í sérstakri áætlun um fjölstofnarannsóknir.

Smáþorski og sandkola var safnað á fjórum svæðum við landið til mælinga á mengandi efnun. Við úrvinnslu gagna er rannsóknasvæðið iðulega skoðað eftir norður- og suðursvæði en sú skipting miðaðst við Bjargtanga og Eystrahorn.

Í eftirfarandi köflum er gerð grein fyrir nokkrum niðurstöðum um líffræðilega þætti og stofnvísitölur þorsks og ýsu. Ennfremur er gerð grein fyrir stofnvísitölum allmargra annarra fiskstofna.

## 3. NIÐURSTÖÐUR

### 3.1. Umhverfispættir

Í leiðangrinum var hitastig sjávar mælt við botn og í yfirborði. Á 1. mynd og 2. töflu má sjá meðalhita úr þessum mælingum á þeim tíma sem verkefnið hefur staðið yfir, þ.e. á

árabílinu frá 1985-1996. Á 2. mynd má ennfremur sjá botnhita í kringum landið í leiðangrinum 1996. Hitastig sjávar í mars 1996 er með allra hæsta móti á öllum svæðum, sérstaklega þó botnhitinn. Botnhitinn á hinum svæðunum fimm þ.e. S- V- NV- N og A-miðum er í öllum tilvikum hærri en þrjú síðustu árin þar á undan og reyndar á NV- N- og A-miðum miklu hærri en 1995. Botnhiti á S- V- og NV-miðum er álíka hár og árið 1992 og á N- og A-miðum hefur ekki orðið hlýrra síðan 1986. Yfirborðshiti er hærri en í fyrra á öllum mældum svæðum nema á A-miðum sem stingur mjög í stúf við annars hátt hitastig árið 1996 og þar mælist reyndar þriðja lægsta hitastigið frá upphafi.

Veðurfar í mars 1996 á meðan rannsóknirnar stóðu yfir var þokkalegt eða gott en nokkuð breytilegt eftir landshlutum. Tiltölulega hægur vindur mældist þannig mun oftar en síðustu tvö ár á undan (4. tafla). SA- og N-áttir voru ríkjandi (3. tafla). Veður olli ekki teljandi frátöfum í leiðangrinum.

### 3.2. Aldursdreifingar

#### *Þorskur*

Á 3.-5. mynd er sýnd aldursdreifing eins til tíu ára þorsks á öllu rannsóknarsvæðinu og eftir svæðum 1985-1996. Fyrir 1990 voru árgangar 1983-85 mest áberandi og reyndar uppistaða í þorskstofninum hér við land. Á árunum 1985 og 1986 var eins til þriggja ára smáþorskur af þessum árgöngum mjög áberandi á norðursvæði (4. mynd). Þessum þremur árgöngum má fylgja eftir í gegnum stofninn á árunum 1987 til 1989 á norðursvæði. Árið 1990 minnkaði hlutdeild þeirra mjög og eru þeir nú horfnir af þessu svæði. Ennfremur má sjá að engir áberandi sterkir árgangar eins og tveggja ára fiskur hafa bæst í stofninn síðustu 6-7 árin. Aldursdreifingin 1996 á öllu rannsóknarsvæðinu einkennist mest af 3 ára fiskinum frá 1993 hvað fjölda varðar sem virðist reyndar vera sterkasti árgangur sem litið hefur dagsins ljós síðan 1994 en hann er þó ekki metinn nema meðalárgangur. Næst mest áberandi í stofnmælingunni 1996 að fjölda er 4 ára fiskur frá 1992.

Aldursdreifing þorsks á norðursvæði (4. mynd) er nánast eins og aldursdreifingin fyrir allt svæðið sem þýðir að mest hefur fengist af þorski á norðursvæði eins og ætíð áður sem ræður þá heildaraldursdreifingunni. Aldursdreifing á suðursvæði (5. mynd) er gjörólík því sem er á norðursvæðinu þar sem 6-7 ára fiskur (árgangar frá 1990 og 1989) er mest áberandi og minna um yngra fiskinn. Athyglisvert er þó að fjöldi þriggja ára þorsks á suðursvæði 1996 er sá næstmesti sem sést hefur frá upphafi.

#### *Ýsa*

Á 6. mynd er sýnd aldursdreifing eins til tíu ára ýsu í stofnmælingum 1985-1996. Undanfarin ár hafa árgangar 1984, 1985 og 1990 verið uppistaðan í ýsustofninum. Þessum árgöngum má fylgja eftir í gegnum stofninn einkum á suðursvæði (8. mynd) en einnig á norðursvæði (7. mynd) árin 1986 til 1988. Í aldursdreifingu ýsu á öllu rannsóknarsvæðinu 1996 (6. mynd) ber mest á 1-3 ára ýsu frá 1993, 1994 og 1995 en sterka ágangsins frá 1990 gætir einnig vel sem 6 ára ýsu. Eins árs ýsan frá 1995 er



sérstaklega áberandi miðað við vísitölu eins árs ýsu í stofnmælingunni frá upphafi. Ljóst er að hlutur þessa aldursflokks 1996 er í takt við hlut eins árs ýsu af árgöngunum 1990 og 1985, þ.e. að hér sé á ferðinni stór árgangur. Á suðursvæði (8. mynd) er vísitala eins árs ýsu sú næst hæsta sem sést hefur frá upphafi en af aldursdreifingunni á norðursvæði (7. mynd) má ráða að hlutur þessa stóra árgangs er ekki sérlega mikill á því svæði í stofnmælingunni 1996.

### 3.3. Meðalþyngd eftir aldri

#### *Þorskur*

Meðalþyngd þorsks eftir aldri á suðursvæði hefur verið í mikilli uppsveiflu undanfarin ár og er það jafnvel enn (9. mynd, 5. tafla). Þannig er þyngd 5, 6 og 9 ára þorsks nú í hámarki á þessu svæði frá upphafi stofnmælingar. Þyngd 4 ára þorsks fellur að vísu aðeins frá hámarki í fyrra en er samt sú þriðja mesta frá upphafi á svæðinu.

Á norðursvæði (10. mynd, 5. tafla) má sjá hliðstæða þróun sem ekki er þó eins afgerandi og á suðursvæði og hámarkinu þar virðist að mestu hafa verið náð árið 1995. Athygli vekur nokkurt fall í þyngd 3 ára fisks á þessu svæði 1996 miðað við 2 undanfarin ár sem er nánast öfugt við þennan aldursflokk á suðursvæði.

#### *Ýsa*

Meðalþyngd ýsu eftir aldir á suðursvæði eftir aldri reyndist enn lág á árinu 1996 eins og verið hefur undanfarin ár (11. mynd, 6. tafla). Meðalþyngd 2-5 ára ýsu á þessu svæði er þó heldur hærri en var árið áður. Meðalþyngd 6 ára ýsu á suðursvæði er hinsvegar sú lægsta sem sést hefur í stofnmælingunni fyrir þetta gamla ýsu. Á norðursvæði (12. mynd) hefur verið meiri breytileiki (í meðalþyngd) í samanburði við suðursvæðið. Þannig er meðalþyngd 2-4 ára ýsu árið 1996 nálægt meðallagi en meðalþyngd 5-7 ára ýsu var hins vegar nánast í lágmarki frá því stofnmælingin hófst og 6 ára ýsa slær þar einnig öll met hvað þetta varðar. Ýsa hefur verið mjög í léttara lagi á báðum svæðum hin síðari ár stofnmælingarinnar miðað við hin fyrstu. Á árinu 1996 má sjá breytingu til batnaðar (ýsan er að þyngjast) á þessu ástandi hjá 2-4 ára ýsu en sá bati er mjög hægur.

### 3.4. Kynþroski eftir aldri

#### *Þorskur*

Á suðursvæði var kynþroskahlutfall fjögurra, fimm og sex ára þorsks árið 1994 það hæsta sem sést hafði í stofnmælingunni (7. tafla). Þetta háa hlutfall skilar sér þó ekki sem afbrigðilega hátt hjá þessum aldursflokkum árin 1995 og 1996. Kynþroskahlutfall þorsks á þessu svæði 1996 undantekningalítið lægra en 1995. Fjögurra og fimm ára fiskur sker sig þó úr hvað varðar mun lægra kynþroskahlutfall árið 1996 en verið hefur á þessum aldursflokkum undanfarin tvö ár.

Á norðursvæði hefur kynþroskahlutfall þorsks alltaf verið sveiflukenndara en á suðursvæði einkum hjá eldri fiskinum (7. tafla). Árið 1996 er kynþroskahlutfall 4-5 ára þorsks mun lægra en hjá sömu aldursflokkum árin 1995 og 1994 og hjá flestum aldursflokkum er hlutfallið lægra en í fyrra rétt eins og á suðursvæði.

#### *Ysa*

Á suðursvæði er kynþroskahlutfall 2-6 ára ýsu í stofnmælingunni 1996 heldur lægra en árin 1995 og 1994 (8. tafla).

Kynþroskahlutfall ýsu í yngri aldursflokkum hefur reyndar verið mjög hátt hin síðari ár miðað við fyrri helming rannsóknatímabilsins. Úr þessum mun er þó að draga á árinu 1996.

Á norðursvæði er kynþroskahlutfall ýsu breytilegt að venju. Kynþroska- hlutfall allra aldursflokka er lægra árið 1996 en verið hefur síðustu tvö árin þar á undan.

### **3.5. Lengdardreifingar**

Lengdardreifingar sýna meðalfjölda fiska á togmílu fyrir hvern sentimetra sem fiskurinn dreifist á. Lengdardreifingarnar eru sýndar á tveimur svæðum, þ.e. á norður- og suðursvæði.

#### *Þorskur*

Á árunum 1985 og 1986 bar talsvert á þorski sem var á lengdarbilinu 10-15 cm og 20-30 cm á norðursvæði, þ.e. eins og tveggja ára þorski af árgöngunum 1983 og 1984 (13. mynd). Árin 1987-1993 bar mjög lítið á eins árs þorski. Árið 1994 var eins árs þorskur hins vegar aftur vel sjáanlegt í lengdardreifingunni. Þeim árgangi má svo fylgja eftir í stofnmælingu 1995 en þá kom fram toppur í lengdardreifingunni á 20-30 cm bilinu og í stofnmælingunni 1996 skilar sá toppur sér nokkuð vel í 35-45 cm fiski (3 ára).

Á suðursvæði hafa lengdardreifingar einkennst af því að tiltölulega lítið er af smáfiski á þeirri slóð. Flest árin er mest af þorski á bilinu 60-80 cm en árin 1985-1987 fékkst einnig nokkuð af smærri þorski á þessu svæði. Enga nýliðun var að sjá á suðursvæði árin 1987-1991. Aðeins örlaði á smáfiski 1992 og 1993 en árið 1994 sker lengdardreifingin á þessu svæði sig úr að því leyti að þá varð þar vart við eins árs þorsk í einhverjum mæli. Í lengdardreifingunni 1995 er toppur 20-30 cm fisks (2 ára) er rýrari en við hefði mátt búast. Í stofnmælingunni 1996 verður sami árgangur ekki greindur sem sérstakur toppur í lengdardreifingunni.

Þegar lengdardreifingin er skoðuð fyrir allt tímabilið er athyglisvert hve fjöldi fiska bæði á norður- og suðursvæði hefur minnkað á seinni árum miðað við fyrri hluta rannsóknatímans.

### Ýsa

Árin 1985 og 1986 einkenndist lengdardreifing ýsu á norðursvæði af tveimur toppum annarsvegar rétt undir 20 cm og hinsvegar við 30 cm lengd, (14. mynd). Hér var fyrst og fremst um árgangana frá 1984 og 1985 að ræða sem reyndust síðar mjög áberandi í ýsuaflanum. Árin 1990 og 1991 má sjá hliðstæða þróun þegar árgangarnir frá 1989 og 1990 komu inn í lengdardreifingu stofnsins. Þessum árgöngum, og þá sérstaklega árganginum frá 1990, er hægt að fylgja eftir í lengdardreifingunni til ársins 1994 á norðursvæði og til 1995 á suðursvæði. Myndin á suðursvæði er í stórum dráttum áþekkt þeirri á norðursvæði enda ná bæði svæðin að hluta til yfir aðalútbreiðslusvæði ýsunnar við landið. Lengdardreifingar ýsu 1996 gefa til kynna að stór árgangur frá 1995 sé að bætast í stofninn rétt eins og þeir þrjú stóru árgangar sem hér er getið að framan. Á suðursvæði er toppur eins árs ýsu sem er á bilinu 10-20 cm þannig einn sá stærsti sem sést hefur. Á móti kemur hinsvegar að lítið markar fyrir þessum árgangi í lengdardreifingunni á norðursvæði ólíkt því sem oft hefur gerst með stóra árganga.

### 3.6. Stofnvísitölur

Aðferðin sem notuð er til að reikna vísitölurnar er upphaflega þróuð til að vinna gögn fyrir útbreiðslukort. Forrit þau sem notuð eru til að teikna útbreiðslukort skipta gögnum upp á réttthyrnt net og því er fyrsta skrefið að reikna fjölda, eða lífþyngd í staðaltogi í punktum í slíku neti (15. mynd).

Útreikningar byggjast á tvískiptu líkani. Fyrst eru reiknaðar líkur á að fá fisk á tiltekinni stöð og síðan er fjöldi fiska eða lífþyngd reiknaður á þeim stöðvum þar sem fiskur fæst. Vísitalan í hverjum netpunkti er síðan margfeldi þessara tveggja stærða. Bæði líkönin eru svokölluð "GLM" líkön (Generalized Linear Models). Í fræðibókum um "GLM" líkön myndi það fyrra vera flokkað sem "binomial" líkan eða Bernoulli-líkan, og það seinna sem "Gamma líkan með lógaritma vörpun". Aðferðin gengur því stundum undir nafninu Gamma-Bernoulli. Gögnin sem líkaninu er beitt á eru ein tala fyrir hverja stöð sem lýsir þyngd eða fjölda. Eitt af því sem þarf að ákveða í hverju tilviki er hvar skilin milli 0 og 1 eru í "binomial" líkaninu. Þar sem fjöldi er reiknaður skv. valmynstri getur komið brot úr fiski á stöð. Yfirleitt er miðað við að skilin liggi á bilinu 0.5 - 1 fiskur eða tilsvareandi tala í þyngd.

Fyrir flestar tegundir, sem hér er fjallað um, er veiðistofn aðgreindur frá ungvíði með svokölluðum valmynstri ("selection curve"). Valmynstur er fundið með því að margfalda lengdardreifingu úr SMB með falli á forminu  $\gamma / (1 + \exp(-(\alpha + \beta * L)))$ , þar sem  $L$  = lengd fisks og  $\alpha$ ,  $\beta$  og  $\gamma$  eru fastar, þannig að útkoman falli sem best við lengdardreifingu úr afla (16. mynd, tafla 14). Valmynstrið sem er síðan notað í líkaninu hefur  $\gamma = 1$  og liggur því alltaf á bilinu 0 - 1. Framlag hvers fisks til veiðistofns (lífþyngd) er fundið með því að reikna þyngd hans út frá lengdinni (17. mynd, tafla 14) og margfalda með valmynstrinu. Veiðistofninn á hverri stöð er summan af framlagi allra fiska á stöðinni. Magn ungfisks (ungfiskavísitala) á stöðinni er reiknað með því að nota 1 mínus valmynstrið fyrir veiðistofn. Ungfiskur er reiknaður í fjölda en ekki þyngd. Veiðistofnar þorsks og ýsu

(fjögurra ára og eldri) eru einnig reiknaðir í fjölda fiska.

Valmynstur (valferlar) voru notuð fyrir 13 tegundir sbr. 18. mynd. Sömu valferlar voru notaðir fyrir hlýra og steinbít, stórkjöftu og skarkola, djúpkarfa og karfa. Fyrir hrognkelsi voru reiknaðar vísitölur (fjöldi fiska) fyrir hvort kyn. Fyrir litla karfa var ein vísitala reiknuð, þ. e. fjöldi > 15 cm. Fyrir tindaskötu var veiðistofn skilgreindur sem allur fiskur stærri en 30 cm og miðaðist við fjölda þar sem gögn um þyngd eru ekki tiltæk.

Heildarvísitala hvernar tegundar er summa gilda á öllum netpunktum. Vísitalan er síðan umreiknuð frá magni í netpunktum yfir á allt rannsóknasvæðið. Vísitalan lýsir því þeirri lífþyngd eða fjölda sem fengist ef togað væri yfir allt rannsóknasvæðið og er að því leyti sambærileg við hefðbundna SMB vísitölu.

Með því að reikna gögnin á net eins og gert er vegur hver stöð meira þar sem stöðvanet er gisið. Stöðvar nærri jaðri svæðisins fá minna vægi en stöðvar á miðju svæði og stöðvar inn á fjörðum fá oft lítið vægi. Stafar það af því að hlutfallslega fáir netpunktar eru nálægt þeim.

Auk G-B-vísitölu (töflur 12.-13. og 19. mynd) var einnig reiknuð "hefðbundin" SMB-vísitala (COCHRAN), töflur 9.-11.

*Þorskur.* Ungfiskavísitala þorsks (fjöldi eins til þriggja ára fiska) sýnir að nýliðun hefur verið í lægð undanfarin ár miðað við fyrstu ár stofnmælingarinnar. Í kjölfar lakrar nýliðunar minnkaði vísitala veiðistofnsins árið 1990 enda þótt sú breyting sé mun meiri en við mætti búast miðað við heildarafföll stofnsins (19. mynd). Hér kunna breytingar í veiðanleika stofnsins frá einu ári til annars að hafa áhrif. Lítil breyting hefur orðið á vísitölu veiðistofns síðustu ár og ekki eru sjáanleg ljós merki um vöxt stofnsins þrátt fyrir allnokkra friðun.

Þegar SMB-vísitalan, sem miðast við stofninn í heild, er skoðuð, þá hefur stofninn stækkað úr 236 þús. 1994 í 313 þús. tonn 1996. Stofninn er þó enn í þeirri lægð sem hann hefur verið í allt frá árinu 1990 (9. tafla og 25.-26. mynd).

*Ysa.* Ungfiskavísitala ýsu (eins til þriggja ára) einkennist af miklum sveiflum í kjölfar góðrar nýliðunar árganga 1984-85 og 1989-1990. Vísitala veiðistofnsins sveiflast með hliðstæðum hætti en með nokkurra ára hliðrun (19. mynd). Árið 1996 má sjá enn eina uppsveifluna á nýliðunarvísitölunni.

SMB-vísitala ýsu, sem miðast við allan stofninn, hækkaði úr 216 þús. tonna lágmarki árið 1995 í 292 þús. tonn 1996 (9. tafla og 25.-26. mynd).

*Gullkarfi.* Ungfiskavísitala gullkarfa var mjög svipuð allt til ársins 1992. Vísitalan hækkaði talsvert árin 1993-94, en komst í lágmark 1995. Vísitala veiðistofnsins var tiltölulega há fyrstu 3 árin, lækkaði síðan verulega og hefur verið lág síðustu árin (19. mynd). Einhvern bata er að sjá árið 1996 sem hugsanlega rekja má til betri nýliðunar á

undanförnum árum. Bent skal á að vísitölur veiðistofns gullkarfa 1985-96 eru nú í öðrum "skala" (heldur hærri) en var í hliðstæðri töflu í síðustu skýrslu sem breytir þó litlu um innbyrðis hlutfall þeirra milli ára (12. tafla, 19. mynd).

Miðað við SMB-vísitölu var heildarstofn gullkarfa í mikilli lægð árin 1991-1995. SMB-vísitala 1996 er hins vegar helmingi hærri en undanfarin 5 ár eða af svipaðri stærð og á árunum 1985-1990 (9. tafla og 25.-26. mynd).

*Djúpkarfi.* Ungfiskavísitala djúpkarfa mældist mjög há fyrsta ár stofnmælingarinnar og tiltölulega há næstu 3 árin þar á eftir. Frá upphafi stofnmælingarinnar hefur vísitalan farið nær stöðugt lækkandi fram til 1993. Síðan þá hefur hún reyndar tekið litlum breytingum og mældist enn mjög lág 1996. Vísitala veiðistofns djúpkarfa hefur tekið alveg hliðstæðum breytingum og mældist lægst árið 1996 (20. mynd).

*Litli karfi.* Stofnvísitala litla karfa hefur sveiflast tiltölulega mikið á rannsóknatímanum en þó farið heldur vaxandi (20. mynd).

*Steinbítur.* Ungfiskavísitala steinbíts fór lækkandi fyrstu árin en hefur síðan stöðugt vaxið og mældist hæst árið 1996. Vísitala veiðistofnsins var á hinn bóginn tiltölulega stöðug fyrstu 5 ár stofnmælingarinnar en lækkaði eftir það fram til ársins 1995. Árið 1996 hækkaði aftur vísitala veiðistofns sem líkast til má rekja til betri nýliðunar undanfarinna ára. (20. mynd).

SMB-vísitala heildarstofns steinbíts hefur verið á bilinu 27-43 þús. tonn allt frá árinu 1985 (9. tafla og 25.-26. mynd).

*Hlýri.* Ungfiskavísitala hlýra hefur farið nær stöðugt vaxandi þegar litið er á tímabilið í heild og náði hámarki árið 1995. Vísitala veiðistofns var tiltölulega stöðug árabilið 1986-1995. Árið 1996 mældist vísitalan hæst og má líkast til rekja það til betri nýliðunnar undanfarinna ára (21. mynd).

*Langa.* Ungfiskavísitala löngu hefur stöðugt farið lækkandi og mældist lægst árið 1996. Vísitala veiðistofns hefur sýnt hliðstæða þróun (21. mynd). Ekki er talið að stofnmæling botnfiska nái til alls útbreiðslusvæðis löngu. Því er óvissu háð hvort sveiflur í stofnvísitölu veiðistofns síðustu ár endurspeglar raunverulegar breytingar í stofnstærð.

*Blálanga.* Ungfiskavísitala blálöngu var mjög há árin 1988 og 1989. Vísitalan hefur farið lækkandi síðan 1990 og mældist lægst árið 1995. Vísitala veiðistofns hefur sveiflast mjög en þó farið lækkandi yfir tímabilið í heild og mældist lægst árið 1996 (21. mynd). Talið er að útbreiðslusvæði blálöngu sé að stórum hluta utan rannsóknasvæðis stofnmælingarinnar. Stofnvísitölur ber því að túlka með varúð.

*Keila.* Ungfiskavísitala keilu hækkaði mjög fyrstu 5 ár stofnmælingarinnar en hefur lækkað verulega síðan og mældist lægst árið 1996. Vísitala veiðistofnsins hefur tekið áþekkingu breytingum (22. mynd). Þróun stofnsins hefur því verið fremur neikvæð í heild.

*Skarkoli.* Ungfiskavísitala skarkola var hæst árið 1985 en lægst árið 1986. Síðan 1990 hefur vísitalan þó verið heldur vaxandi. Vísitala veiðistofnsins var einnig há fyrstu tvö árin en hefur lækkað stöðugt á rannsóknatímanum og aldrei verið lægri en árið 1996 (22. mynd).

*Þykkvalúra.* Ungfiskavísitala þykkvalúru hefur verið tiltölulega stöðug allt rannsóknatímabilið og því í jafnvægi. Vísitala veiðistofns hefur á hinn bóginn lækkað nokkuð fram til 1995 (22. mynd).

*Langlúra.* Ungfiskavísitala langlúru var mjög há fyrsta árið og heldur hærri fyrstu árin en verið hefur síðan 1990. Lægst mældist hún 1996. Vísitala veiðistofns hefur sveiflast nokkuð en þó farið lækkandi þegar allt tímabilið er skoðað í heild og aldrei mælst lægri en 1996 (23. mynd).

*Stórkjasta.* Ungfiskavísitala stórkjöftu var tiltölulega há fyrstu 5 til 6 ár tímabilsins en lækkaði síðan samfelld og hefur aldrei mælst lægri en 1996. Vísitala veiðistofns hefur þróast með hliðstæðum hætti (23. mynd).

*Sandkoli.* Ungfiskavísitala sandkola var nokkuð stöðug árin 1985-1993, að undanteknu árinu 1986 er hún mældist mjög há. Síðan 1993 hefur hún vaxið hratt og aldrei mælst hærri en 1996. Vísitala veiðistofns hefur verið tiltöluleg jöfn allt tímabilið að undanteknu árinu 1986 er hún mældist óvenju há (23. mynd).

*Skrápflúra.* Ungfiskavísitala skrápflúru var fremur jöfn fyrri helming rannsóknatímans en fór síðan hækkandi allt til ársins 1994 og hefur haldist há síðan. Vísitala veiðistofns hefur á hinn bóginn verið tiltölulega svipuð allt tímabilið en þó með alhæsta móti 1996 (24. mynd).

SMB-vísitala heildarstofnsins hefur aldrei mælst hærri en árið 1996 eftir nær samfelldan vöxt stofnsins frá 1989 (9. tafla og 25.-26. mynd). Á árunum 1985-1989 mældist stofninn á bilinu 42-62 þús. tonn en 1996 var hann kominn í 85 þús tonn.

*Hrognkelsi.* Stofnvísitala grásleppu var tiltölulega jöfn fyrstu sex ár rannsóknatímans en hefur lækkað talsvert síðustu ár. Vísitala rauðmaga hefur verið mun jafnari (24. mynd).

*Tindaskata.* Ungfiskavísitala tindaskötu var hæst árin 1994-1995 en lækkaði lítillega árið 1996. Vísitala "veiðistofns" (> 30 cm) hefur sveiflast tiltölulega lítið og sýnir ekki miklar breytingar þegar tímabilið er skoðað í heild (24. mynd).

#### **4. Helstu niðurstöður**

Tólfta stofnmæling botnfiska á Íslandsmiðum fór fram dagana 6.-24. mars 1996 og voru teknar 540 togstöðvar. Stöðvum var fækkað nokkuð að þessu sinni (voru 577 árið 1995)

og ekkert togað í Rósagarðinum. Togurum sem þátt tóku í stofnmælingunni var að sama skapi fækkað úr fimm í fjóra.

Hitastig sjávar var með hæsta móti á nær öllum svæðum, sérstaklega botnhitinn. Sjávarhiti við botn í mars 1996 var svipaður og árið 1992 á S-, V- og NV-miðum. Á N- og A-miðum hefur ekki orðið hlýrra við botn síðan 1986. Yfirborðshiti sjávar sýnir svipaða þróun nema helst á A-miðum.

Í aldursdreifingu þorsks á suðursvæði bar mest á 6 og 7 ára gömlum fiski (árgöngunum frá 1990 og 1989), en á norðursvæði var þriggja og fjögurra ára fiskur mest áberandi í fjölda þ.e. árgangarnir frá 1993 og 1992. Í aldursdreifingu ýsu bar mest á 1-3 ára ýsu en stóri árgangurinn frá 1990 er mjög farinn að dala. Hlutur eins árs ýsu gefur til kynna að um stóran árgang (frá 1995) sé að ræða sem þó hefur nokkuð takmarkaða útbreiðslu á norðursvæði miðað við það sem oft gerist með stóra árganga.

Meðalþyngd þorsks á suðursvæði hefur verið að aukast mikið undanfarin ár og gætir þess enn árið 1996. Á norðursvæði hefur þróunin verið áþekk en meðalþyngd náði hámarki þar 1995. Ýsa hefur verið í léttara lagi hin síðari ár sérstaklega á suðursvæði en yngsta ýsan sýndi nokkra þyngdaraukningu miðað við nýliðin ár.

Kynþroskahlutfall þorsks bæði á suður- og norðursvæði lækkaði árið 1996 miðað við 1995 en undanfarin ár hefur kynþroski eftir aldri verið í hámarki. Sams konar þróun í breytingum á kynþroska má sjá hjá ýsu.

Lengdardreifing þorsks 1996 á suðursvæði er að mestu á bilinu 50-80 cm og árgangurinn frá 1993 vart merkjanlegur í lengdardreifingunni. Á norðursvæði er toppur árgangsins frá 1993 vel merkjanlegur sem þriggja ára fiskur á bilinu 35-45 cm. Lengdardreifing ýsu 1996 einkenndist af toppi af yngsta fiskinum þ.e. eins árs ýsu sem er nokkuð innan við 20 cm en þessi toppur kemur þó nær eingöngu fram á suðursvæði

Nýliðunarvísitölur þorsks eru áfram í lægð. Vísitala veiðistofns hefur hækkað örlítið 1996 sem líklega má fyrst og fremst rekja til mikils samdráttar í sókn undanfarin ár. Nýliðunarvísitölur ýsu einkennast af sterkum árgöngum frá 1984-85, 1989-1990 og 1995. Vísitala veiðistofns hefur farið vaxandi síðan 1990 en fellur svo töluvert 1995-1996. Hjá gullkarfa virðist nýliðun hafa verið þokkaleg árin 1993 og 1994 en fellur síðan verulega árið 1995-1996. Vísitala veiðistofns hefur verið í lægð undanfarið.

Nýliðunar- og veiðistofnsvísitölur djúpkarfa hafa lækkað stöðugt. Vísitölur uppaxandi steinbíts hafa farið vaxandi síðustu 6 árin en veiðistofninn var í lægð til 1995. Nýliðun hjá hlýra er enn góð og veiðistofn aldrei stærri. Vísitölur löngu fara nær stöðugt lökkandi. Vísitölur blálöngu hafa farið niður á við síðan 1989. Vísitölur keilu hafa fallið síðan 1989. Smáum skarkola hefur farið fjölgandi síðustu 6 ár. Veiðistofninn hefur hins vegar minnkað stöðugt síðan 1991. Nýliðun þykkvalúru hefur verið nokkuð sveiflukennnd en þó haldist nokkuð stöðug þegar á heildina er litið. Veiðistofn sýnir hliðstæðar sveiflur.

Nýliðunarvísitölur langlúru hafa verið nokkuð svipaðar síðan 1991. Veiðistofn minnkar

þó stöðugt. Vísitölur stórkjöftu, yngri sem eldri, hafa fallið hratt síðan 1990. Vísitölur sandkola voru mjög breytilegar fyrstu árin en hafa sveiflast minna síðar. Ungur sandkoli hefur verið í örum vexti síðastliðin þrjú ár. Vísitölur yngri hluta skrápflúrustofnsins hafa vaxið talsvert á síðustu árum en veiðistofninn verið nokkuð stöðugur. Vísitölur hrognkelsa eru með lágsta móti um þessar mundir. Vísitölur tindaskötu sýna tiltölulega litlar sveiflur og hafa verið á svipuðu róli allt rannsóknatímabilið. Þegar á heildina er litið er ljóst að veiðistofnar vel flestra þeirra botnlægu tegunda sem hér eru til umræðu eru á niðurleið og hafa verið það um nokkurra ára bil. Vafalítið má kenna mikilli sókn um þessa þróun.

### **Þakkir**

Höfundar þakka þeim fjölmörgu starfsmönnum Hafrannsóknastofnunarinnar, skipverjum rannsóknatogara og útgerðarmönnum sem lagt hafa sitt af mörkum til þessa verkefnis á liðnum árum. Jóhönnu Erlingsdóttur er þakkað fyrir þátt hennar við myndgerð í skýrsluna.

### **Heimildir**

Björn Æ. Steinarsson, Einar Jónsson, Ólafur K. Pálsson, Sigfús A. Schopka og Gunnar Stefánsson, 1987. Icelandic ground fish survey 1985-87. ICES C.M. 1987/G:32, 25 (fjölrit).

Chambers J.M og Hastie T.J, 1992. Statistical models. Wadworth & Brooks/Cole.

Gunnar Stefánsson, 1991. Analysis of groundfish survey data: combining the GLM and delta approaches. ICES C.M. 1991/D:9 (fjölrit).

Gunnar Stefánsson, 1992. Notes on stock-dynamics and assessments of the Icelandic cod. ICES C.M./G:71, 36 bls. (fjölrit).

Ólafur K. Pálsson, Björn Æ. Steinarsson, Einar Jónsson, Gunnar Jónsson, Gunnar Stefánsson og Sigfús A. Schopka, 1996. Handbók um stofnmælingu botnfiska á Íslandsmiðum 1996. Hafrannsóknastofnunin, 66 bls. (fjölrit).

Ólafur K. Pálsson and Gunnar Stefánsson, 1991. Spatial distributions of Iceland cod in March 1985-91. ICES C.M. 1991/G:63 (fjölrit).

Pálsson, Ó.K., E. Jónsson, S.A. Schopka, G. Stefánsson and B.Æ. Steinarsson, 1989. Icelandic groundfish survey data used to improve precision in stock assessments. J. Northw. Atl. Fish. Sci., Vol. 9: 53-72.

Sigfús A. Schopka, Björn Æ. Steinarsson, Einar Jónsson, Gunnar Jónsson, Gunnar Stefánsson, Höskuldur Björnsson, Ólafur K. Pálsson 1996. Stofnmæling botnfiska á Íslandsmiðum 1995 - rannsóknaskýrsla. Fjölrit Hafrannsóknastofnunarinnar nr. 45, 46 bls.



1. tafla. Gagnasöfnun í stofnmælingu botnfiska á Íslandsmiðum 1996.  
 Table 1. Sampling of material in Icelandic ground fish survey 1996.

Nr.	Tegund	Talið	Kvarnað	Mælt	Fj. stöðva	Vigtað
1	Þorskur	27223	4712	42530	536	4700
2	Ysa	83196	2661	41726	455	2647
